

# Póst- og fjarskiptastofnun

## Ársreikningur 2012

## Efnisyfirlit

|  | Bls. |
|--|------|
| Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings ..... | 3    |
| Áritun ríkisendurskoðanda .....                      | 4    |
| Rekstrarreikningur .....                             | 5    |
| Efnahagsreikningur .....                             | 6    |
| Sjóðstreymi .....                                    | 7    |
| Skýringar .....                                      | 8    |

## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Póst- og fjarskiptastofnun er ríkisstofnun, sem heyrir undir Innanríkisráðuneytið. Verkefni hennar er að annast framkvæmd laga um fjarskipti og laga um póstpjónustu og hafa eftirlit með fjarskiptum og póstpjónustu. Stofnunin skal einnig stuðla að samkeppni á sviði póst- og fjarskiptapjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti.

Á árinu 2012 varð 35.207 þús.kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 46.896 þús.kr., skuldir 8.597 þús.kr. og eigið fé nam 38.298 þús.kr. í árslok 2012.

Forstjóri og forstöðumaður rekstrardeildar staðfesta ársreikning Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík,                      október 2013



Hrafnkell V. Gíslason,  
forstjóri.



Jóhanna Harpa Árnadóttir,  
forstöðumaður rekstrardeildar.

## Áritun ríkisendurskoðanda

Til innanríkisráðuneytisins

Við höfum endurskoðað ársreikning Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Við erum ábyrgir fyrir því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Póst- og fjarskiptastofnunar á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Reykjavík, 29. október 2013



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2012

| Tekjur   | Skýr. | 2012                 | 2011                |
|--|-------|----------------------|---------------------|
| Markaðar tekjur .....                          | 1     | 300.868.277          | 294.927.438         |
| Rekstrartekjur .....                           | 2     | 19.725.640           | 20.008.301          |
|  |       | <u>320.593.917</u>   | <u>314.935.739</u>  |
| <b>Gjöld</b>                                   |       |                      |                     |
| Laun og launatengd gjöld .....                 | 3     | 241.190.848          | 210.576.488         |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....       | 4     | 17.825.938           | 17.217.442          |
| Funda- og ferðakostnaður .....                 | 5     | 19.505.431           | 12.618.745          |
| Aðkeypt sérfræðipjónusta .....                 | 6     | 23.228.027           | 12.773.796          |
| Rekstur tækja og áhalda .....                  | 7     | 1.003.982            | 1.113.538           |
| Annar rekstrarkostnaður .....                  | 8     | 7.571.729            | 3.483.143           |
| Húsnæðiskostnaður .....                        | 9     | 22.940.605           | 23.173.713          |
| Félagsgjöld til alþjóðastofnana .....          | 10    | 18.710.576           | 18.224.670          |
| Bifreiðakostnaður .....                        | 11    | 1.683.363            | 730.727             |
| Tilfærslur .....                               | 12    | 40.000               | 0                   |
|  |       | <u>353.700.499</u>   | <u>299.912.262</u>  |
| Eignakaup .....                                | 13    | 13.704.073           | 20.766.667          |
|  |       | <u>367.404.572</u>   | <u>320.678.929</u>  |
| <b>(Tekjuhalli) fyrir hrein fjármagnsgjöld</b> |       | <b>( 46.810.655)</b> | <b>( 5.743.190)</b> |
| Hreinar fjármunatekjur .....                   | 14    | 1.603.879            | 1.380.347           |
| <b>(Tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>         |       | <b>( 45.206.776)</b> | <b>( 4.362.843)</b> |
| Ríkisframlag .....                             |       | 10.000.000           | 2.500.000           |
| <b>(Tekjuhalli) ársins</b>                     |       | <b>( 35.206.776)</b> | <b>( 1.862.843)</b> |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| Eignir                            | Skýr. | 2012                | 2011              |
|-----------------------------------|-------|---------------------|-------------------|
| <b>Veltuffármunir</b>             |       |                     |                   |
| Ríkissjóður .....                 | 15    | 10.979.253          | 58.758.680        |
| Viðskiptakröfur .....             |       | 5.851.537           | 7.757.532         |
| Handbært fé .....                 |       | 30.064.775          | 28.742.828        |
|                                   |       | <u>46.895.565</u>   | <u>95.259.040</u> |
| <b>Eignir alls</b>                |       | <u>46.895.565</u>   | <u>95.259.040</u> |
| <br>                              |       |                     |                   |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>        |       |                     |                   |
| <b>Eigið fé</b>                   |       |                     |                   |
| <i>Höfuðstóll:</i>                |       |                     |                   |
| Höfuðstóll í ársbyrjun .....      |       | 41.105.144          | 53.467.987        |
| Millifært á bundið eigið fé ..... |       | ( 7.045.319)        | ( 10.500.000)     |
| Tekjuhalli ársins .....           |       | ( 35.206.776)       | ( 1.862.843)      |
| <b>Höfuðstóll</b>                 | 16    | <u>( 1.146.951)</u> | <u>41.105.144</u> |
| <br>                              |       |                     |                   |
| <i>Annað eigið fé:</i>            |       |                     |                   |
| Bundið eigið fé .....             |       | 39.445.319          | 32.400.000        |
| <b>Eigið fé</b>                   | 16    | <u>38.298.368</u>   | <u>73.505.144</u> |
| <br>                              |       |                     |                   |
| <b>Skuldir</b>                    |       |                     |                   |
| <b>Skammtímaskuldir</b>           |       |                     |                   |
| Viðskiptaskuldir .....            |       | 8.597.197           | 21.753.896        |
| <b>Skuldir</b>                    |       | <u>8.597.197</u>    | <u>21.753.896</u> |
| <br>                              |       |                     |                   |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>        |       | <u>46.895.565</u>   | <u>95.259.040</u> |

## Sjóðstreymi árið 2012

|   | Skýr.                | 2012                 | 2011 |
|---|----------------------|----------------------|------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                             |                      |                      |      |
| <i>Veltufé frá rekstri:</i>                           |                      |                      |      |
| (Tekjuhalli) ársins.....                              | ( 35.206.776)        | ( 1.862.843)         |      |
| <b>Veltufé (til) rekstrar</b>                         | <u>( 35.206.776)</u> | <u>( 1.862.843)</u>  |      |
| <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i> |                      |                      |      |
| Skammtímakröfur, breyting.....                        | 1.905.995            | ( 1.150.343)         |      |
| Viðskiptaskuldir, breyting.....                       | ( 13.156.699)        | 14.903.132           |      |
|   | <u>( 11.250.704)</u> | <u>13.752.789</u>    |      |
| <b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>                  | ( 46.457.480)        | 11.889.946           |      |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                         |                      |                      |      |
| <i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>                 |                      |                      |      |
| Framlag ríkissjóðs.....                               | ( 10.000.000)        | ( 2.500.000)         |      |
| Greitt úr ríkissjóði.....                             | 57.779.427           | ( 7.865.684)         |      |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                         | <u>47.779.427</u>    | <u>( 10.365.684)</u> |      |
| <b>Hækkun á handbæru fé.....</b>                      | 1.321.947            | 1.524.262            |      |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>                   | <u>28.742.828</u>    | <u>27.218.566</u>    |      |
| <b>Handbært fé í lok ársins</b>                       | <u>30.064.775</u>    | <u>28.742.828</u>    |      |

## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Póst- og fjarskiptastofnunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum elga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

#### Skattar

Póst- og fjarskiptastofnun greiðir ekki tekjuskatt.

#### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

#### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Reikningar eru áritaðir og sendir Fjársýslunni til greiðslu. Færslur fara um lánardrottnabókhald.

#### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

#### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af peningum í sjóði og bankainnstæðum.

#### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

#### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.



## Skýringar

### Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast launavinnslu, innhelmtu markaðra og annarra tekna og bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina. Póst- og fjarskiptastofnun sér sjálf um reikningagerð stofnunarinnar, uppgjör viðskiptareikninga og starfsmannamál.

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til Póst- og fjarskiptastofnunar námu 5.000 þús.kr. árið 2012. Gert er ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar sé fjármagnaður með ríkistekjum að fjárhæð 308.800 þús.kr., auk sértekna að fjárhæð 13.000 þús.kr. Á árinu voru 5.000 þús.kr. millifærðar frá fjárlagaliðnum ýmis verkefni hjá Innanríkisráðuneytinu vegna tækjakaupa fyrir netöryggi stofnunarinnar. Fjárheimild ársins varð því 10.000 þús.kr.

Ríkis- og sértekjur að frádregnum rekstrargjöldum voru neikvæðar um samtals 45.207 þús.kr. og urðu því 35.207 þús.kr. umfram fjárheimild ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

| Í þús. kr.                     | Fjárlög     | Fjárheimild | Reikningur  | Frávik     |
|--------------------------------|-------------|-------------|-------------|------------|
| Ríkistekjur .....              | ( 308.800 ) | ( 308.800 ) | ( 315.845 ) | 7.045      |
| Sértekjur .....                | ( 13.000 )  | ( 13.000 )  | ( 7.052 )   | ( 5.948 )  |
| Laun og launatengd gjöld ..... | 202.100     | 202.100     | 243.676     | ( 41.576 ) |
| Önnur rekstrargjöld .....      | 115.100     | 120.100     | 91.974      | 28.126     |
| Tilfærslur .....               | 0           | 0           | 18.751      | ( 18.751 ) |
|                                | ( 4.600 )   | 400         | 31.503      | ( 31.103 ) |
| Stofnkostnaður .....           | 9.600       | 9.600       | 13.704      | ( 4.104 )  |
|                                | 5.000       | 10.000      | 45.207      | ( 35.207 ) |

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús. kr.:

|                           | 2012        | 2011        |
|---------------------------|-------------|-------------|
| Ríkis- og sértekjur ..... | ( 322.897 ) | ( 316.673 ) |
| Yfirstjórn .....          | 16.392      | 25.771      |
| Lögfræðideild .....       | 68.309      | 59.032      |
| Greiningardeild .....     | 49.980      | 46.991      |
| Tæknideild .....          | 73.220      | 55.973      |
| Rekstrardeild .....       | 123.794     | 103.269     |
| CERT Viðbragðsteymi ..... | 36.409      | 29.999      |
|                           | 45.207      | 4.363       |

## Skýringar

### Sundurlíðanir

#### 1. Markaðar tekjur

Markaðar tekjur eru rekstrar-, tíðni- og númeragjöld sem ákvörðuð eru samkvæmt lögum. Á árinu 2012 hækkðu markaðar tekjur stofnunarinnar um 5.941 þús.kr. eða 2,0%. Hækkunin milli ára skýrist af aukningu tekna af árlegu gjaldi fyrir tíðni. Markaðar tekjur sundurliðast þannig:

|   | 2012               | 2011               |
|---|--------------------|--------------------|
| Árleg gjöld fyrir tíðni, sbr. 14. gr. laga um PFS ..... | 119.157.057        | 113.916.477        |
| Númeragjald, sbr. lög 81/2003 .....                     | 37.512.400         | 37.297.400         |
| Rekstrargjald, sbr. 14. gr. laga um PFS .....           | 144.198.820        | 143.713.561        |
|   | <u>300.868.277</u> | <u>294.927.438</u> |

#### 2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur eru útgáfa leyfisbréfa og skírteina og skoðunargjöld vegna fjarskiptabúnaðar skipa, sbr. gjaldskrá. Á árinu 2012 lækkðu rekstrartekjur stofnunarinnar um 283 þús.kr. eða 1,4%. Rekstrartekjur sundurliðast þannig:

|  |                   |                   |
|--|-------------------|-------------------|
| Leyfisbréf og skírteini v. þráðlausra fjarskipta, sbr. gjaldskrá ..... | 4.835.500         | 7.235.000         |
| Skoðunargjöld v. fjarskiptabúnaðar skipa, sbr. gjaldskrá .....         | 9.398.500         | 9.628.500         |
| Aðrar tekjur .....   | 5.491.640         | 3.144.801         |
|  | <u>19.725.640</u> | <u>20.008.301</u> |

#### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld hækka um 30.614 þús.kr. eða 14,5%. Ársverk á árinu 2012 voru 25,6 en 23,9 á árinu 2011 og fjölgar því um 1,7 ársverk. Launagjöld á ársverk hækka um 6,9%. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

|                        |                    |                    |
|------------------------|--------------------|--------------------|
| Dagvinna .....         | 169.274.752        | 148.368.533        |
| Yfirvinna .....        | 23.132.425         | 19.302.172         |
| Vaktaálag .....        | 628.052            | 0                  |
| Aukagreiðslur .....    | 2.040.932          | 1.819.252          |
| Launatengd gjöld ..... | 46.114.687         | 41.086.531         |
|                        | <u>241.190.848</u> | <u>210.576.488</u> |

## Skýringar

### 4. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi stofnunarinnar og hækkaði hann um 608 þús.kr. eða 3,5% á milli ára.

|                                     | 2012              | 2011              |
|-------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Tímarit, blöð og bækur .....        | 1.108.226         | 300.019           |
| Auglýsingar og kynningar .....      | 740.020           | 4.840.598         |
| Síma- og tengigjöld .....           | 3.863.068         | 2.885.899         |
| Burðargjöld .....                   | 741.455           | 634.554           |
| Útgáfustarfsemi .....               | 576.238           | 238.989           |
| Afnotagjöld af hugbúnaði o.fl. .... | 9.184.163         | 7.551.497         |
| Skrifstofuvörur .....               | 913.156           | 765.886           |
| Rekstrarleiga .....                 | 699.612           | 0                 |
|                                     | <u>17.825.938</u> | <u>17.217.442</u> |

### 5. Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður hækkaði milli ára um 6.887 þús.kr. eða 54,6%. Hækkun á ferða- og dvalarkostnaði erlendis skýrist m.a. af CERT hópnum. Ferðakostnaður innanlands er vegna starfa skoðunarmanna fiskiskipa sem ferðast til hafna á landsbyggðinni.

|  | 2012              | 2011              |
|--|-------------------|-------------------|
| Ferða- og dvalarkostnaður innanlands ..... | 1.797.484         | 1.477.172         |
| Ferða- og dvalarkostnaður erlendis .....   | 12.935.068        | 6.679.170         |
| Funda- og ráðstefnugjöld .....             | 898.470           | 807.431           |
| Námskeiðsgjöld .....                       | 705.348           | 949.708           |
| Félagsgjöld .....                          | 1.130.000         | 1.093.200         |
| Risna .....                                | 1.241.230         | 1.141.593         |
| Akstur .....                               | 797.831           | 470.471           |
|  | <u>19.505.431</u> | <u>12.618.745</u> |

### 6. Aðkeypt sérfræðipjónusta

Aðkeypt sérfræðipjónusta hækkaði milli ára um 10.454 þús.kr. eða 81,8%. Hún felst einkum í kaupum á þjónustu við ákveðin tilfallandi verkefni. Aðkeypt þjónusta hækkar mikið vegna undirbúnings á 4G tíðni uppboði, ásamt aðkeyptri lögfræðiaðstoð og vinnu við þýðingar vegna markaðs- og kostnaðargreininga sem unnar voru á árinu 2012.

|  |                   |                   |
|--|-------------------|-------------------|
| Tölvu- og kerfisfræðipjónusta .....                    | 4.685.770         | 2.326.754         |
| Lögfræðingar .....                                     | 3.428.109         | 731.500           |
| Þýðendur, túlkar .....                                 | 3.513.053         | 1.765.290         |
| Aðrir sérfræðingar .....                               | 874.944           | 48.440            |
| Ráðningarpjónusta .....                                | 527.100           | 564.750           |
| Verkfræðingar og tæknifræðingar .....                  | 8.227.136         | 3.885.283         |
| Viðskipta- og hagfræðingar, lögg. endurskoðendur ..... | 1.971.915         | 2.014.539         |
| Rekstrarsamningar .....                                | 0                 | 1.437.240         |
|  | <u>23.228.027</u> | <u>12.773.796</u> |

## Skýringar

### 7. Rekstur tækja og áhalda

Undir þennan lið fellur rekstur á ljósritunarvélum, tölvum og öðrum skrifstofubúnaði. Kostnaðurinn lækkaði um 110 þús.kr. eða 9,8% á milli ára.

|                                   | 2012             | 2011             |
|-----------------------------------|------------------|------------------|
| Smátæki og áhöld .....            | 880.748          | 513.035          |
| Viðgerðir og viðhald .....        | 0                | 270.771          |
| Varahlutir og viðhaldsvörur ..... | 123.234          | 166.631          |
| Leigugjöld tækja og áhalda .....  | 0                | 97.680           |
| Uppsetning á netbúnaði .....      | 0                | 65.421           |
|                                   | <u>1.003.982</u> | <u>1.113.538</u> |

### 8. Annar rekstrarkostnaður

Þessi liður tekur yfir ýmsan rekstrarkostnað og hækkar hann um 4.089 þús.kr. á milli ára eða 117,4%.

|  |                  |                  |
|--|------------------|------------------|
| Máltíðir .....                             | 2.918.949        | 1.532.479        |
| Matvæli .....                              | 580.240          | 481.047          |
| Rekstrarvörur .....                        | 451.621          | 272.561          |
| Þjónustugjöld til fjármálastofnana .....   | 129.205          | 56.364           |
| Framlag til íþróttasjóðs starfsmanna ..... | 735.000          | 465.000          |
| Vinnufatnaður og fatafé .....              | 243.778          | 0                |
| Innheimtukostnaður .....                   | 0                | 40.027           |
| Tapaðar kröfur .....                       | 2.136.505        | 230.615          |
| Gjafir .....                               | 376.431          | 382.834          |
| Annar rekstrarkostnaður .....              | 0                | 22.216           |
|  | <u>7.571.729</u> | <u>3.483.143</u> |

### 9. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Suðurlandsbraut 4 og hefur eina hæð fyrir starfsemi sína. Stofnunin greiðir ásamt húsaleigu kostnaðarhlutdeild í sameign. Lækkun á húsnæðiskostnaði milli ára nam 233 þús. kr. eða 1,0%. Leigugjöld eru bundin hækkunum á vísitölu neysliverðs.

|                                       |                   |                   |
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Leigugjöld .....                      | 18.320.574        | 17.442.603        |
| Orka .....                            | 647.783           | 576.945           |
| Sameiginlegur húsnæðiskostnaður ..... | 1.960.412         | 1.801.276         |
| Viðhald fasteigna .....               | 225.309           | 1.200.491         |
| Þrif og sorphirða .....               | 1.591.458         | 1.947.891         |
| Öryggisgæsla .....                    | 195.069           | 204.507           |
|                                       | <u>22.940.605</u> | <u>23.173.713</u> |

## Skýringar

### 10. Félagsgjöld til alþjóðastofnana

Félagsgjöld til alþjóðastofnana hækka um 486 þús.kr. eða 2,7% á milli ára. Félagsgjald til Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU) vegna ársins 2012 var greitt á árinu 2011 og árgjald til UPU vegna ársins 2011 og 2012 var greitt á árinu 2012.

|  | 2012              | 2011              |
|--|-------------------|-------------------|
| Alþjóða fjarskiptasambandið (ITU) .....          | 0                 | 10.474.620        |
| Alþjóða póstsambandið (UPU) .....                | 11.604.373        | 72.303            |
| European communication office (ECO) .....        | 1.442.601         | 1.425.933         |
| Evrópska fjarskiptastaðla stofnunin (ETSI) ..... | 1.569.742         | 1.524.155         |
| Cullen International SA .....                    | 1.257.360         | 1.585.889         |
| IRG .....  | 2.194.980         | 2.390.400         |
| Aðrir .....                                      | 641.520           | 751.370           |
|  | <u>18.710.576</u> | <u>18.224.670</u> |

### 11. Bifreiðakostnaður

Stofnunin á tvær bifreiðar af gerðinni Skoda Octavia og Volkswagen árgerðir 2002 og 1999. Önnur bifreiðin er notuð fyrir mælitæki og hina nota skoðunarmenn skipa. Þessi liður hækkar um 953 þús.kr. eða 130,4%.

|                                   |                  |                |
|-----------------------------------|------------------|----------------|
| Bensín og olía .....              | 431.656          | 370.005        |
| Opinber gjöld og tryggingar ..... | 222.280          | 200.272        |
| Viðgerðir og viðhald .....        | 1.029.427        | 160.450        |
|                                   | <u>1.683.363</u> | <u>730.727</u> |

### 12. Tilfærslur

Á árinu 2012 greiddi stofnunin styrki, samtals að fjárhæð 40 þús.kr. en engir styrkir voru greiddir á árinu 2011.

### 13. Eignakaup

Eignakaup stofnunarinnar á árinu 2012 voru að stærstum hluta tölvubúnaður og húsgögn.

|                               |                   |                   |
|-------------------------------|-------------------|-------------------|
| Tölvubúnaður .....            | 9.202.337         | 14.884.760        |
| Húsgögn .....                 | 4.233.946         | 745.439           |
| Skrifstofubúnaður .....       | 0                 | 927.031           |
| Mæli- og rannsóknartæki ..... | 0                 | 4.209.437         |
| Önnur tæki og búnaður .....   | 267.790           | 0                 |
|                               | <u>13.704.073</u> | <u>20.766.667</u> |

## Skýringar

### 14. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru vextir af bankainnelgnum stofnunarinnar.

|                   | 2012             | 2011             |
|-------------------|------------------|------------------|
| Vaxtatekjur ..... | 2.303.053        | 1.736.971        |
| Vaxtagjöld .....  | ( 699.174)       | ( 356.624)       |
|                   | <u>1.603.879</u> | <u>1.380.347</u> |

### Annað

### 15. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2012 nam inneign stofnunarinnar við ríkissjóð 10.979 þús.kr. og hafði staðan versnað um 47.779 þús.kr. á árinu.

|                                  |                   |
|----------------------------------|-------------------|
| Staða í ársbyrjun, inneign ..... | 58.758.680        |
| Ríkisframlag .....               | 10.000.000        |
| Greiðslur .....                  | ( 57.779.427)     |
| Staða 31. desember 2012, inneign | <u>10.979.253</u> |

### 16. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuhalla hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2012 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar neikvæða fjárheimild að fjárhæð 1.147 þús.kr. og hafði staðan lækkað um 42.252 þús.kr. frá árinu á undan.

|                                   |                     |
|-----------------------------------|---------------------|
| <i>Höfuðstóll</i>                 |                     |
| Höfuðstóll 1. janúar 2012 .....   | 41.105.144          |
| Ríkisframlag .....                | 10.000.000          |
| Tekjuhali .....                   | ( 45.206.776)       |
| Millifært á bundið eigið fé ..... | ( 7.045.319)        |
| Höfuðstóll 31. desember 2012      | <u>( 1.146.951)</u> |

## Skýringar

### Kennitölur

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

|                                  | 2012              | 2011             | 2010              | 2009           | 2008          |
|----------------------------------|-------------------|------------------|-------------------|----------------|---------------|
| <b>Rekstur</b>                   |                   |                  |                   |                |               |
| Rekstrartekjur .....             | 320.594           | 314.936          | 298.582           | 326.462        | 292.064       |
| Rekstrargjöld .....              | ( 352.097 )       | ( 298.532 )      | ( 302.404 )       | ( 271.244 )    | ( 273.249 )   |
| Stofnkostnaður .....             | ( 13.704 )        | ( 20.767 )       | ( 13.072 )        | ( 16.292 )     | ( 3.309 )     |
| (Tekjuhalli) tekjuafgangur       | ( 45.207 )        | ( 4.363 )        | ( 16.894 )        | 38.926         | 15.506        |
| Ríkisframlag .....               | 10.000            | 2.500            | 0                 | 0              | 7.800         |
| Tekjuhalli, tekjuafgangur ársins | <u>( 35.207 )</u> | <u>( 1.863 )</u> | <u>( 16.894 )</u> | <u>38.926</u>  | <u>23.306</u> |
| <b>Efnahagur</b>                 |                   |                  |                   |                |               |
| Veltufjármunir .....             | 46.896            | 95.259           | 82.219            | 109.552        | 67.875        |
| Eignir alls                      | <u>46.896</u>     | <u>95.259</u>    | <u>82.219</u>     | <u>109.552</u> | <u>67.875</u> |
| Eigið fé .....                   | 38.298            | 73.505           | 75.368            | 92.262         | 53.336        |
| Skammtímaskuldir .....           | 8.597             | 21.754           | 6.851             | 17.289         | 14.539        |
| Eigið fé og skuldir alls         | <u>46.896</u>     | <u>95.259</u>    | <u>82.219</u>     | <u>109.552</u> | <u>67.875</u> |